

Aukafundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum 20.04.2015 á skrifstofu skólameistara.

Mætt voru: Hallur Reynisson skólameistari, Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Erlingur Teitsson, Guðrún María Valgeirsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir áfangastjóri og Sverrir Haraldsson kennari.

Fundurinn telst upplýsingafundur varðandi ýmiss málefni skólans sem skólanefnd hefur lagt áherslu á. Þá er ljóst orðið að núverandi skólameistari mun ekki sækjast eftir endurráðningu eftir 31. maí n.k.

Skólameistari, Eydís og Sverrir fóru yfir stöðuna í eftirfarandi málaflokkum:

- “ Kynningarmál – markaðsmál ,,
- “ Vinna við svör við úttektarskýrslu ,,
- “ Vinna með nemendum – skólabragur ,,
- “ Vinna við námsskrá ,,

Fram kom að heilt yfir hefur þessi vinna gengið þökkalega og nemendur reynst opnir fyrir því að taka þátt í ákveðnum málaflokkum.

Þá sagði Margrét frá því að skólanefnd hefði átt í viðræðum við Sigurbjörn Árna Arngrímsson prófessor við HÍ um að koma að skólanum sem skólameistari næsta skólaár. Hefur hann lýst áhuga á starfinu.

Einnig kom fram að umsóknir um skólavist fyrir næsta skólaár eru alltof fáar og valda vonbrigðum. Ákveðið að halda uppgjörs vegna vinnu við áður nefnda málaflokka með nemendum, starfsfólki og skólanefnd 29. 04. n.k. kl. 10.00.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið